VÍÐIVELLIR YTRI I

DEILISKIPULAG FRÍSTUNDABYGGÐAR

GREINARGERÐ OG UMHVERFISSKÝRSLA

VERKNÚMER: 02-705-001 SKJALANÚMER: 02-705-001-G001 NÚGILDANDI ÚTGÁFA: 000						
000	27.01.2023	SSÞ	SSÞ	JFG	SÞ	Fljótsdalshreppur
002	18.07.2022	SSÞ	SSÞ			Fljótsdalshreppur
001	02.03.2022	SSÞ	SSÞ	JFG		Fljótsdalshreppur
ÚTGÁFA	**DAGS. ÚTG**	**LÝSING**	**HÖFUNDUR**	**RÝNIR**	**SAMÞYKKT**	**VERKKAUPI**

Efnisyfirlit:

1. Almennt 3

1.1 Breytingar 3

1.2 Deiliskipulagssvæðið 4

1.3 Deiliskipulagsvinna 4

1.4 Aðkoma og staðsetning skipulagssvæðis 4

1.5 Eignarhald á skipulagssvæði 5

1.6 Landslag, veður og gróðurfar 5

1.7 Ofanflóð 5

1.8 Menningarminjar 6

2. Stefnumörkun 7

2.1 Tengsl við aðrar áætlanir 7

2.2 Landsskipulagsstefna 7

2.3 Aðalskipulag 7

2.4 Deiliskipulag 9

2.5 Náttúruminjaskrá 9

2.6 Leyfisveitingar 9

2.7 Staðbundið ofanflóðahættumat 9

3. Skilmálar 10

3.1 Mæli- og hæðablöð - hnitakerfi 10

3.2 Landnýting 10

3.2.1 Byggingareitir 10

3.2.2 Stærð og hæð húsa 10

3.2.3 Þakform 11

3.2.4 Efnis- og litaval 11

3.2.5 Sorpgeymslur 11

3.2.6 Frágangur lóða og girðinga 11

3.2.7 Opin svæði 11

3.3 Samgöngur og veitur 11

3.3.1 Rafmagn 11

3.3.2 Fjarskipti 11

3.3.3 Vatn 12

3.3.4 Fráveita 12

Höfundaréttur © 2023 Logg slf. Allur réttur áskilinn. Prentuð skjöl geta verið úrelt og ný útgáfa aðgengileg í skjalastjórnunarkerfi.

3.3.5 Sorp 12
3.3.6 Kvaðir 12
3.3.7 Verkhraði 12
3.3.8 Náttúruskógar 12
4. Umhverfisáhrif 13
5. Kynning, afgreiðsla og samþykkt 14
5.1 Samráð og kynning 14
5.2 Samþykktir 14

Fylgiskjal 1

Staðbundið ofanflóðahættumat

Fylgiskjal 2

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags fyrir sumarbústaðabyggð í landi Víðivalla ytri í Fljótsdalshreppi

Fylgiskjal 3

Viðbótarskýrsla. Uppmæling fornleifa vegna deiliskipulags að Víðivöllum ytri, Fljótsdalshreppi

 Höfundaréttur © 2023 Logg. Allur réttur áskilinn. Prentuð skjöl geta verið úrelt og ný útgáfa aðgengileg í skjalastjórnunarkerfi.

1. ALMENNT

1.1 BREYTINGAR

Þar sem auglýsing á samþykkt deiliskipulagsins árið 2011 var birt í B-deild Stjórnartíðinda eftir að þágildandi tímafrestur skipulagslaga var liðinn, öðlaðist deiliskipulagið ekki gildi vorið 2011. Því hefur deiliskipulagið verið tekið til afgreiðslu að nýju. Landeigendur hafa óskað eftir því að lóðir 1,2 og 3 verði sameinaðar í eina, lóð 1. Þetta kemur fram í bréfi frá þeim dags. 5. maí. 2015.

Breyting er gerð í kafla 2.3. Aðalskipulag, þar sem nýtt aðalskipulag hefur tekið gildi síðan þetta skipulag var unnið. Eins hafa verið gerðar breytingar á köflum 3.5 og 3.16 vegna breytinga á lögum og reglugerð.

Verði breytingar gerðar á skipulaginu, verður þeirra getið hér og þær auðkenndar með skýrum hætti, bæði í greinargerð og á uppdráttum.

Auglýst útgáfa skipulagsskilmála (tillaga) hefur útgáfunúmer 000. Samþykkt útgáfa fær nr. 001 o.s.frv.

Breytingar hafa verið gerðar á köflum 1.8, 3.3.6 og 4 og köflum 1.7, 2.7 og 3.3.8 hafa verið bætt auk þess að bæt hefur verið inn töflu 1 í kafla 1.8



Mynd 1 Staðsetning skipulagssvæðis **Kort: SK. Smári/Logg slf.**

Höfundaréttur © 2023 Logg slf. Allur réttur áskilinn. Prentuð skjöl geta verið úrelt og ný útgáfa aðgengileg í skjalastjórnunarkerfi.

1.2 DEILISKIPULAGSSVÆÐIÐ

Frístundabyggðin er í land Víðivalla ytri I í Fljótsdalshreppi. Landslagi er þannig háttað að upp frá þjóðvegi nr. 933 eru kjarri vaxnir hjallar og gengur gamalt berghlaup niður í hlíðina allt að 80 m hæðarlínu. Jaðar berghlaupsins er um 10 m hár og veitir gott skjól fyrir norðaustlægum áttum. Landið hefur áður verið nýtt til beitar. Svæðið er á hjöllum við jaðar hlaupsins í 75-140 m hæð. Á svæðinu hafa þegar verið byggðir þrír sumarbústaðir, á lóðum nr. 5, 8 og 13.

Afmörkun skipulagssvæðisins (mynd 1) er sýnd á meðfylgjandi skipulagsuppdrætti (dags. 26.01.2023 – útgáfa 001) sem unninn er eftir uppréttum loftmyndum. Stærð deiliskipulagssvæðisins er um 19,4 ha.

Mynd 2 Afmörkun deiliskipulagssvæðis **Kort: Logg slf. / Loftmyndir ehf.**

1.3 DEILISKIPULAGSVINNA

Deiliskipulagið er sett fram í greinargerð og á skipulagsuppdrætti. Umhverfisskýrsla, byggð á grundvelli 6. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 106/2005, er sett fram sem hluti af deiliskipulagsgreinargerðinni. Deiliskipulagið er unnið af Logg landfræði & ráðgjöf, Egilsstöðum

1.4 AÐKOMA OG STAÐSETNING SKIPULAGSSVÆÐIS

Aðkoma að svæðinu er af Fljótsdalsvegi (933), um 150 m norðan brúar yfir Kelduárkvísl.

 Höfundaréttur © 2023 Logg. Allur réttur áskilinn. Prentuð skjöl geta verið úrelt og ný útgáfa aðgengileg í skjalastjórnunarkerfi.

1.5 EIGNARHALD Á SKIPULAGSSVÆÐI

Eignarhald skipulagssvæðisins er

1.6 LANDSLAG, VEÐUR OG GRÓÐURFAR

Í Náttúrumæraskrá Helga Hallgrímssonar segir um þetta svæði:

Víðivallagriðland hugsast ná yfir neðri hluta fjallshlíðar í landi Víðivalla ytri, utan og ofan bæja, er nú kallast Víðivellir ytri I og II. Mikill hluti þessa svæðis er skógi vaxinn frá fornu fari og kallast þar Víðivallaskógur. Þar er einnig að finna mjög stórgrýtt og sérkennilegt bergsil, klettahjalla, læki og smáfossa. Minjar eru af seljum, býlum og beitarhúsum. Þjóðtrú í sambandi við Grýlu. Nýlega er búið að skipulega sumarhúsabyggð í skógarjaðrinum við Urðarsel, í landi Víðivalla I, og leggja þangað veg í gegnum skóginn.

Urðin er afar stórgrýtt tungulaga holurð í hlíðinni utan við Víðivelli ytri (I), og myndar frambrún hennar höfða skammt ofan vegar. Urðin er skógi vaxin innan og ofantil. Engin teljandi brotskál fylgir þessu hlaupi, sem er óvenjulegt. Virðist sem berglag hafi skriðið til á hallandi undirlagi og brotnað upp. Líklega er urðin gott dæmi um hægfara bergsil sem er enn í gangi. Mórauðilækur hverfur í urðina, jafnan með jökulvatnslit, sem bendir til að urðin sé enn á hreyfingu. Yst og efst í hlaupinu er allbreið gjá, Tröllkarlsbotn, með firnastórum steinum og dröngum, vaxin birki- og reynitrjám, hin fegursta náttúrusmíð. Stærsti drangurinn heitir Tröllkarl, var 10-15 m hár áður en hrundi af honum um 1950 (Ólafur Jónsson: Berghlaup. Ak. 1976, bls. 146.)

Mynd 3 Skriðusár eftir aurskriðu sem féll 1979 í Víðivallahálsi **Mynd. Sk Smári 2022**

1.7 OFANFLÓÐ

Sunnanverður Fljótsdalur, Norðurdalur og Suðurdalur eru þekktir fyrir jarðvegsskriður og fjölmargir atburðir eru skráðir í ofanflóðagagnagrunn Veðurstofunnar og Náttúrufræðistofnunnar. Skriður eiga sér stað í miklum úrkomum, sérstaklega á haustum og vetrum í austan og suðaustanáttum (Helgi Hallgrímsson, 2004).

Höfundaréttur © 2023 Logg slf. Allur réttur áskilinn. Prentuð skjöl geta verið úrelt og ný útgáfa aðgengileg í skjalastjórnunarkerfi.

Staðbundið áhættumat var unnin af Martina Stefani, Verðurstofu Íslands 2023 og er fylgiskjal með þessu deiliskipulagi, fylgiskjal nr. 1.

1.8 MENNINGARMINJAR

Fornleifaskráning hefur farið fram á svæðinu (sjá töflu 1) og er fylgiskjal með þessu deiliskipulagi, fylgiskjal nr. 2 og uppfærð forleifaskráning var unnin af Rannveigu Þórhallsdóttir í júní 2022 og er fylgiskjal nr.3.

Urðarsel. Tóftir þessar eru friðaðar samkvæmt þjóðminjalögum og má því ekki raska þeim á neinn hátt. Þessa skal sérstaklega gætt við gerð leiksvæðis og lagningar vegar um svæðið.

Reynt skal að halda vegum og öðrum mannvirkjum eins langt frá fornleifum eins og mögulegt er. Vegir skulu ekki vera niðurgrafnir í næsta nágrenni fornleifa.

Mynd 4 Urðarsel **Mynd: Sk Smári 2022**

Ef í ljós koma áður óþekktar menningarminjar, verða framkvæmdir stöðvaðar uns skriflegt leyfi frá Minjastofnun Íslands fæst um að halda megi framkvæmdum áfram, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Tafla 1 Forleifaskrá á skipulagssvæðinu

Nr.	Teg.	Hlutverk	Fridlýst	Ástand	Gróður	Austur	Norður
NM-003 A	Tóft, Urðarsel	Fjárhús	Nei	Greinanlegt	Elfting	691942,1	508450,2
NM-003 B	Tóft, Urðarsel	Óþekkt	Nei	Greinanlegt	Gras	691950,5	508444,7
NM-003 C	Tóft, Urðarsel	Aðhald	Nei	Greinanlegt	Gras	691936,8	508443,8
NM-004	Tóft, óþekkt	Óþekkt	Nei	Greinanlegt	Gras	691921,8	508505,22
NM-005	Tóft, óþekkt	Óþekkt	Nei	Greinanlegt	Gras	691951,1	508501,28
NM-006 A	Heimild, Grýlulækur ytri	Lækur	Nei	Greinanlegt	Birki	691739,2	508158,3
NM-006 B	Heimild, Grýlulækur fremri	Lækur	Nei	Greinanlegt	Birki	691704,6	508070,3
NM-007	Koladreif	Kolagröf	Nei	Illgreinanlegt		691982,2	508402,34

 Höfundaréttur © 2023 Logg. Allur réttur áskilinn. Prentuð skjöl geta verið úrelt og ný útgáfa aðgengileg í skjalastjórnunarkerfi.

2. STEFNUMÖRKUN

2.1 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Tengslum við aðrar áætlanir er best lýst með skýringarmynd (mynd 5) sem fengin er af www.landsskipulag.is/ og sýnir skýrt tengsl og ábyrgðaraðila.



Mynd 5 Tengsl frá landsskipulagi yfir í leyfi til framkvæmda. **Mynd af www.landsskipulag.is/**

2.2 LANDSSKIPULAGSSTEFNA

Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 eru eftirfarandi leiðarljós lögð til grundvallar:

- *Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun.*
- *Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.*
- *Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks.*
- *Að skipulag byggðar og landnotkunar styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.*

2.3 AÐALSKIPULAG

Í Aðalskipulagi Fljótsdalshrepp 2014-2030, í kafla 2.2.2 Frístundabyggð, stendur: Svæði fyrir frístundahús og nærþjónustu sem þeim tengist, þ.m.t. orlofshús og varanlega staðsett hjólhýsi. Föst búseta er óheimil í frístundabyggðum (gr. 6.2.8 í skipulagsreglugerð).

Höfundaréttur © 2023 Logg slf. Allur réttur áskilinn. Prentuð skjöl geta verið úrelt og ný útgáfa aðgengileg í skjalastjórnunarkerfi.

Markmið aðalskipulags eru:

- *Gæta skal umhverfissjónarmiða við skipulagningu nýrra svæða fyrir frístundabyggð. Frekari uppbygging á eldri frístundabyggðarsvæðum skal vera í samræmi við skipulag, en á nýjum svæðum skulu lóðir jafnan verða á stærðarbilinu 0,5-2 ha og nýtingarhlutfall skal ekki vera hærra en 0,03.*
- *Leyfilegt verði að byggja allt að þrjú sumarhús á landbúnaðarsvæðum á lögbýlum, sem eru stærri en 70 ha, án þess að skilgreina þurfi svæðið sem frístundabyggð í aðalskipulagi. Leitast skal við að fjölga sem minnst vegtengingum við stofnvegi og að taka ekki gott landbúnaðarland undir frístundabyggð.*
- *Yfirbragð byggðar taki mið af umhverfi og aðstæðum. Ekki er heimilt að koma fyrir vinnubúðagámum í því skyni að nýta þá sem frístundahús, nema að útlit þeirra og efnisvali sé breytt.*

Leiðir:

- *Við deiliskipulagsvinnu skal fara fram deiliskráning fornleifa og leita umsagnar Minjastofnunar Íslands.*
- *Frístundabyggð skal vera sem mest á samfelldum svæðum innan hverrar jarðar, þannig að vegir og veitur nýtist sem best. Að jafnaði er gert ráð fyrir að um ¼ hluti lands á sumarhúsasvæðum verði til almennrar útivistar.*
- *Ákvæði verði sett í deiliskipulagi sem stuðli að vandaðri umhverfismótun, s. s. um umfang, form, efni, útlit og litaval nýbygginga.*
- *Taka skal tillit til landslags, söguslóða, gróðurfars og útsýnisstaða við skipulag frístundahúsabyggðar. Slík byggð skal þar sem það á við taka mið af yfirbragði sveitarinnar.*



Mynd 6 Sveitarfélagsuppdráttur A (1:150.000) **Kort: Landmótun**

 Höfundaréttur © 2023 Logg. Allur réttur áskilinn. Prentuð skjöl geta verið úrelt og ný útgáfa aðgengileg í skjalastjórnunarkerfi.

Deiliskipulagssvæðið er í Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030 (kafli 2.2.2); merkt F-4. Á aðalskipulagsuppdrætti, byggðaruppdrætti mkv. 1:30.000, er svæðið sýnt rúmlega 20 ha að stærð eins og í greinargerð aðalskipulags.

2.4 DEILISKIPULAG

Ekkert deiliskipulag er til staðar fyrir svæðið og mun því deiliskipulagsgerðin ekki hafa áhrif á aðrar deiliskipulagsáætlanir.

2.5 NÁTTÚRUMINJASKRÁ

Engar skráðar náttúrminjar eru innan skipulagssvæðisins.

2.6 LEYFISVEITINGAR

Uppbygging mannvirkja (byggingar) er byggingarleyfiskyld í samræmi við lög um mannvirki nr. 160/2010 eða þau lög sem gilda við útgáfu byggingarleyfis. Aðrar framkvæmdir eru háðar útgáfu framkvæmdaleyfis í samræmi við skipulagslög nr. 122/2010.

Lög nr.	Starfsemi	Reglugerðir sem um starfsemina gilda
93/1995 um matvæli	**Vatnsveita**	*536/2001 um neysluvatn, 796/1999 um varnir gegn mengun vatns*

2.7 STAÐBUNDIÐ OFANFLÓÐAHÆTTUMAT

Skipulagið stenst kröfur sem eru settar í reglugerð 505/2000, um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða, fyrir frístundahús. Ekki má nýta frístundahúsin sem reist verða á þessum stað til fastrar búestu eða til atvinnureksturs. Hætta getur verið á stórum skriðum á svæðinu en einnig minni skriðum sem þó geta valdið tjóni og hættu fyrir fólk á svæðinu. Eining er hætta á krapaflóðum í lækjarfarvegum á svæðinu. Rétt er að taka tillit til þessarar hættu með því að byggja ekki nærri vatnsfarvegum.

Höfundaréttur © 2023 Logg slf. Allur réttur áskilinn. Prentuð skjöl geta verið úrelt og ný útgáfa aðgengileg í skjalastjórnunarkerfi.

3. SKILMÁLAR

Með þessu deiliskipulagi er verið að stuðla að samræmdu yfirbragði, þannig að ekki verði ómarkviss uppbygging mannvirkja og jarðvegsframkvæmda.

Skilmálar sem taka mið af landslagi:

- *Við framkvæmd og hönnun verður haft að leiðarljósi að fyrirhugaðar framkvæmdir falli eins vel að landslaginu og kostur er og að efni sem nýtt verður til uppbyggingar verði sem mest af svæðinu.*
- *Skilmálar sem taka mið af náttúru: Fylgt verður ýtrustu varkárni við allar framkvæmdir til að draga úr neikvæðum áhrifum á náttúru og dýralíf.*
- *Skilmálar sem taka mið af ásýnd: Efnisval skal taka mið af jarðarlitum, s.s. brúnum, gráum eða grænum tónum, sem falla vel að landslagi og umhverfi til að draga sem mest úr sýnilegum áhrifum í landslaginu.*
- *Óheimilt að grisja skóglendi á lóðinni umfram það sem nauðsynlegt er vegna eðlilegra nota af lóðinni.*

3.1 MÆLI- OG HÆÐABLÖÐ - HNITAKERFI

Ekki er áætlað að gerð verði mæli- og hæðablöð fyrir svæðið. Hnitakerfi á uppdrætti er ÍSNET93.

3.2 LANDNÝTING

3.2.1 Byggingareitir

Byggingarreitur er sýndur á uppdráttum. Hann er staðsettur minnst 10 m frá lóðamörkum og skulu byggingar vera staðsettar innan byggingarreita. Vanda skal frágang í kringum allar byggingar á svæðisins. Leggja skal áherslu á gott aðgengi og samræmi í heildarásýnd skipulagssvæðisins.

3.2.2 Stærð og hæð húsa

Hús skulu ekki vera stærri en 150 m^2 á frístundahúsalóðum og auk þess er leyft að byggja gestahús og/eða geymslu innan byggingarreits allt að 50 m^2 hvort um sig, svo stærðin í heild skal ekki vera meiri en alls 200 m^2 og nýtingarhlutfall má ekki fara yfir 0,02. Hús skulu vera einnar eða tveggja hæða og mesta hæð frá botnplötu upp á mæni er 3,5m á lóðum 1-4, en annars 7,0 m. Öll hús á skipulagssvæðinu skulu falla vel að landinu og hús neðar í landinu mega ekki skerða útsýni af þeim lóðum sem eru ofar. Þrjú bílastæði skulu vera á hverri lóð. Við hönnun mannvirkja skal ávallt gert ráð fyrir að eldur geti komið upp og því skal tryggt:

- *Að viðstaddir geti yfirgefið mannvirkið í eldsvoða eða bjargast eftir öðrum leiðum.*
- *Að öryggi björgunarliðs sé fullnægjandi.*
- *Að hætta á útbreiðslu elds til nálægra mannvirkja sé takmörkuð, sem og hætta á að eldur geti borist til mannvirkisins frá umhverfinu.*
- *Að umhverfisáhrif vegna bruna verði innan ásættanlegra marka.*

 Höfundaréttur © 2023 Logg. Allur réttur áskilinn. Prentuð skjöl geta verið úrelt og ný útgáfa aðgengileg í skjalastjórnunarkerfi.

- *Að gerðar séu fullnægjandi ráðstafanir til að unnt sé að uppgötva og slökkva eld í mannvirki og tryggja öflun slökkvivatns.*
- *Slökkvilið þarf því greiðar leiðir að byggingum og nægjanlegt slökkvivatn.*

Slökkvivatn er í Keldárkvísl sem rennur 500 m fyrir neðan svæðið og er vatnsmagnið um 12 m^3/s að meðaltali samkvæmt gögnum Veðurstofu Íslands.

3.2.3 Þakform

Þök geta vera með rishalla eða einhalla. Á lóðum nr. 1, 2, 3 og 4 skal rishalli vera 5°-30°. Þök á lóðum 5-13 skulu hafa rishalla meiri en 5°.

3.2.4 Efnis- og litaval

Ekki eru settar fram sérstakar kvaðir um efnisval húsa umfram það sem reglugerðir um byggingar og brunamál kveða á um. Hús skulu vera í litum er falla vel að umhverfinu, sbr. ákvæði gr. 6.1.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012.

3.2.5 Sorpgeymslur

Ekki er gerð krafa um sorpgeymslur á lóðunum, en á lóð skal gert ráð fyrir aðstöðu fyrir sorptunnur með hliðsjón af reglum sveitarfélagsins um meðhöndlun og hirðingu sorps í dreifbýli. Svæði fyrir sorpgáma er sýnt á skipulagsuppdrætti.

3.2.6 Frágangur lóða og girðinga

Frágangur lóða skal vera snyrtilegur, jarðvatn og ofanvatn verður leitt frá byggingu í huldum skurðum. Efnisval og útlit girðinga skal samræmt, þær skulu vera snyrtilegar og þeim vel við haldið.

3.2.7 Opin svæði

Land það sem er innan svæðismarka og ekki er skilgreint sem lóðir, skal vera til sameiginlegra afnota fyrir eigendur sumarbústaða. Sameiginlegt leiksvæði er á norðurhluta reitsins, ofan við lóð nr. 1. Við hönnun og gerð leiksvæðis skal sérstakt tillit tekið til tóftanna (sjá kafla 1.8), þannig að engum spjöllum verði valdið.

3.3 SAMGÖNGUR OG VEITUR

Til staðar er vegtenging að svæðinu af Fljótsdalsvegi nr. 933. Engar merktar göngu- eða reiðleiðir eru á svæðinu.

3.3.1 Rafmagn

Rafmagn innan frístundasvæðis verður fengið frá grunneti Rarik. Rafstrengur verður lagður að lóðamörkum frá spenni.

3.3.2 Fjarskipti

Fjarskiptasamband er um farsímakerfi símafyrirtækja.

Höfundaréttur © 2023 Logg slf. Allur réttur áskilinn. Prentuð skjöl geta verið úrelt og ný útgáfa aðgengileg í skjalastjórnunarkerfi.

3.3.3 Vatn

Vatnstökusvæði eru sýnd á uppdrætti, það eru að uppsprettu sem hafa verið virkjaðar. Gert verður ráð fyrri slökkvivatni miðað við fyrirhugað byggingarmagn á svæðinu við hönnun vatnsveitu. Stutt er í vatn í Keldá sem rennur í 350 m fjarðlægð frá svæðinu.

3.3.4 Fráveita

Byggja skal samveitu fyrir skólp á svæðinu, a.m.k. frá lóðum 1-10. Á meðan á uppbyggingu hverfisins stendur, er sveitarstjórn heimilt að veita tímabundna undanþágu frá ákvæði þessu, að því skilyrtu að tafarlaust verði tengt inn á samveituna (fráveituhverfið). Bráðabirgðarotþrær skulu staðsettar innan byggingarreita. Farið skal í einu og öllu eftir leiðbeiningum hlutaðeigandi umsagnaraðila og ráðgjafa um rotþrær við sumarbústaði.

Rotþróin verður þjónustuð líkt og aðrar rotþrær sveitarfélagsins.

3.3.5 Sorp

Sorp er hirt af sveitarfélaginu. Áhersla verður lögð á að hvetja gesti til að flokka sorp og skilja það eftir í þar til gerðum ílátum. Stefnt er að virkri flokkun sorps, þar sem áhersla verður á endurvinnslu og að lágmarka magn til urðunar.

3.3.6 Kvaðir

Kvaðir eru á lóðum nr. 6-7 og 12 um aðgengi og afnot lagnaleiða til virkjunar og dreifingar neysluvatns.

3.3.7 Verkhraði

Undirstöðum skal lokið innan árs frá útgáfu byggingarleyfis. Bygging skal vera fokheld innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis. Framkvæmdum (þ.m.t. lóð) skal að öðru leyti haldið áfram á eðlilegum hraða og ljúka að fullu innan fimm ára frá útgáfu byggingarleyfis.

3.3.8 Náttúruskógar

Við allar framkvæmdir þarf að hafa í huga markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Náttúruskógur er skilgreindur skv. lögunum þar sem land, a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli, þar sem sjálfsánar, innlendar trjátegundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæösp, gulvíðir eða loðvíðir, eru ríkjandi og ná a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxnar og a.m.k. 10% krónuþekju. Í sömu lögum kemur jafnframt fram að sá sem heggur skóg skuldbindur sig til að græða upp skóg að nýju á jafnstóru svæði og hefjast handa innan tveggja ára.

 Höfundaréttur © 2023 Logg. Allur réttur áskilinn. Prentuð skjöl geta verið úrelt og ný útgáfa aðgengileg í skjalastjórnunarkerfi.

4. UMHVERFISÁHRIF

Deiliskipulagið fellur ekki undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Hins vegar verður gerð grein fyrir helstu umhverfisáhrifum breytingarinnar skv. 12. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Meginmarkmið aðalskipulags Fljótsdalshrepps 2014-2030 er að stefnt verði að því að afmarka núverandi og fyrirhuguð frístundasvæði og stuðla að því að nýting lands, auðlinda og mannauðs sé í samræmi við markmið sjálfbærrar þróunar.

Neikvæð áhrif á náttúru og gróður á framkvæmdarsvæðinu eru metin óveruleg, ef horft er til skipulagsvæðisins í heild til lengri tíma. Skipulagið leiðir til styrkingar tekjustofna sveitarfélagsins og stuðlar að styrkingu byggðar, þar sem eftirspurn eftir afþreyingu og þjónustu er að aukast. Samfélagsáhrif eru metin jákvæð.

Menningarminjar eru á svæðinu og hafa verið mældar og hnitsettar skipulagið mun ekki hafa áhrif á þær.

Sjónræn áhrif á landslag verða lítil, þar sem byggingar munu falla vel inn í landslagið og þær langt frá vegum þar sem fólk er á ferli.

Umferð mun lítið eitt aukast á vegum, en áhrifin verða óveruleg. Framkvæmdin mun ekki hafa áhrif á friðlýstar minjar og skipulagið gerir ráð fyrir að raski verði haldið í lágmarki og það bætt með gróðri sem líkist sem mest þeim gróðri sem er á svæðinu.

Höfundaréttur © 2023 Logg slf. Allur réttur áskilinn. Prentuð skjöl geta verið úrelt og ný útgáfa aðgengileg í skjalastjórnunarkerfi.

5. KYNNING, AFGREIÐSLA OG SAMÞYKKT

5.1 SAMRÁÐ OG KYNNING

Vinnslutillaga var gerð aðgengileg á vef Fljótsdalshrepps og lá frammi á skrifstofum sveitarfélagsins í Végarði frá 10. maí til 14. júní 2022. Frestur til að skila inn skriflegum athugasemdum rann út þann 14.júní 2022.

Umsagnir bárust án efnislegra athugasemda frá Vegagerðinni og Skipulagsstofnun. Efnislegar athugasemdir bárust frá, Náttúrustofa Austurlands, Helgi Ómar Bragason, Minjastofnun Íslands, Heilbrigðiseftirlit Austurlands (HAUST) og Umhverfisstofnun og brugðist hefur verið við þeim í texta.

Auk þess sem Veðurstofa Íslands vann Staðbundið ofanflóðamat en er fylgiskjal nr. 1 og uppfærð Fornleifaskrá sem er fylgiskjal nr. 2 og 3.

Umsagnaraðilar

Umsagnaraðilar eru Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Náttúrustofa Austurlands, Heilbrigðiseftirlit Austurlands (HAUST), Vegagerðin, Minjastofnun Íslands, Veðurstofa Íslands og Skógræktin.

5.2 SAMÞYKKTIR

DEILISKIPULAG ÞETTA, SEM FENGIÐ HEFUR MEÐFERÐ Í SAMRÆMI VIÐ ÁKVÆÐI 41. GR. SKIPULAGSLAGA

NR. 123/2010, VAR SAMÞYKKT _____ ÞANN_____ 2023

TILLAGAN VAR AUGLÝST FRÁ _____ 2023

MEÐ ATHUGASEMDAFRESTI TIL _____2023

AUGLÝSING UM GILDISTÖKU DEILISKIPULAGSINS VAR BIRT Í B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN _____2023

_____

 Höfundaréttur © 2023 Logg. Allur réttur áskilinn. Prentuð skjöl geta verið úrelt og ný útgáfa aðgengileg í skjalastjórnunarkerfi.